

Starfsleyfi
fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð
Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf.
Helguvík, Reykjanesbæ
Kt. 531278-0469

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldrá laga og reglugerða: lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og reglugerð 739/2003, um brennslu úrgangs.

I. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir meðferð og förgun úrgangsefna á athafnasvæði sorpbrennslustöðvar Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. kt. 531278-0469. Komi nýr aðili að rekstri stöðvarinnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.2. Lýsing á starfseminni

Sorpeyðingarstöðinni er heimilt að taka á móti allt að 25.000 tonnum af úrgangi á ári. Heimilt er að brenna 1,7 tonn á klukkustund af brennanlegum úrgangi miðað við orkuinnihald 12.500 kJ/kg. Starfssemin tekur til eftirfarandi þátta:

- a. brennslu hvers konar heimilis- og rekstrarúrgangs, sem ekki flokkast sem spilliefni,
- b. brennslu eldfims, fljótandi úrgangs, þ.m.t. olíuúrgangs eins og hann er skilgreindur í 3. gr. reglugerðar nr. 809/1999 um olíuúrgang,
- c. brennslu eldfims, fljótandi úrgangs sem veldur ekki annarri losun í útblásturslofti, en þeirri sem stafar frá gasolíu við brennslu í stöðinni,
- d. brennslu allt að 300 tonna af sóttmenguguðum sjúkrahúsúrgangi á ári,
- e. brennslu allt að 800 tonna af öðrum brennanlegum spilliefnum, samanber önnur spilliefni sem tilgreind eru í viðauka við starfsleyfi þetta,
- f. móttöku, söfnunar, flokkunar, pökkunar og flutnings spilliefna sem til falla á þjónustusvæði Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja í móttöku- og flokkunarmiðstöð og ekki er brennt í brennslustöðinni,
- g. móttöku, söfnunar, flokkunar, pökkunar og flutnings annars úrgangs sem til fellur á þjónustusvæði Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja í móttöku- og flokkunarmiðstöð og ekki er brennt í brennslustöðinni,
- h. meðferðar og brennslu dýraleifa, matarafganga frá skipum og flugvélum og annars sambærilegs úrgangs sem þarnast eyðingar.

1.3. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal í samvinnu við sveitarstjórn upplýsa almenning um möguleika á endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Í samræmi við stefnu stjórnvalda skal markvisst unnið að nýtingu úrgangs, t.d. með endurnotkun eða endurnýtingu þ.e. orkuvinnslu, endurvinnslu, jarðgerð og gasvinnslu. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í

slíka vinnsla ef kostur er. Undir þetta fellur t.d. lífrænn úrgangur, svo sem matarleifar, pappír, garðaúrgangur, úrgangur frá fiskvinnslu, timbur, sláturúrgangur, umbúðaúrgangur, dekk og brotamálmur.

1.4. Mengunarvarnir

Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færirst á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir).

1.5. Tilkynning vegna mengunarslysa og bilana

Verði bilun, óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar.

1.6. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær.

1.7. Gangsetning/stöðvun rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu brennslustöðvar ef vinnsla hefur legið niðri í meira en mánuð. Verði rekstri hætt varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði sé fargað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan þriggja mánaða um ráðstafanir sem gerðar hafa verið. Útbúa skal neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs ef kemur til óvæntra stöðvunar á rekstri brennslustöðvarinnar.

1.8. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi, ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

2.1. Móttökuaðstaða

Í móttöku- og flokkunarstöð er heimilt að taka á móti almennum úrgangi og rekstrarúrgangi frá almenningi, fyrirtækjum, og sorphirðuaðilum svo og úrgangi til brennslu frá öðrum móttökustöðvum fyrir úrgang. Óheimilt er að taka við geislavirkum úrgangi og sprengiefnum.

2.2. Listi yfir úrgang

Listi yfir þá flokka úrgangs sem heimilt er að taka á móti og flokka til brennslu er tilgreindur í viðauka. Viðauka við starfsleyfi þetta skal endurskoða árlega með formlegum hætti á samráðsfundum. Skrá skal magn úrgangs eftir flokkun úrgangs.

2.3. Flokkunaraðstaða

Í flokkunarstöð skal a.m.k. vera mögulegt að flokka timbur, umbúðaúrgang, brotajárn, garðaúrgang, plastefni og spilliefni. Flokkuðum úrgangi skal koma til endurnotkunar og endurnýtingar eins og kostur er.

2.4. Geymsla utan dyra

Öll geymsla úrgangs utan dyra skal vera á afgirtu svæði, þar sem óviðkomandi hafa ekki aðgang nema á tilgreindum móttökutímum. Koma skal í veg fyrir fok á úrgangi og að lykt valdi óþægindum.

2.5. Efni hættuleg umhverfinu

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olúúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

2.6. Spilliefni

Óheimilt er að blanda spilliefnum saman við annan úrgang, nema við innmötun í brennsluhólf. Við móttöku spilliefna skal tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir þannig að unnt sé að sannreyna að úrgangurinn uppfylli þær kröfur sem gerðar eru. Upplýsingarnar skulu taka til:

- myndunarferlisins og hvort spilliefnin séu tilgreind í viðauka við starfsleyfið,
- eðlisfræðilegrar og, eftir því sem við verður komið, efnafræðilegrar samsetningar úrgangsins og allra annarra upplýsinga sem þörf er á til að meta hvort hann henti fyrir fyrirhugað brennsluferli,
- hættulegra eiginleika úrgangsins, efna sem ekki má blanda honum saman við og varúðar-ráðstafana sem grípa skal til við meðhöndlun úrgangsins,
- dæmigerðra sýna (nema það eigi ekki við, t.d. fyrir sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum) sem tekin skulu af spilliefnum frá fyrirtækjum eftir því sem við verður komið áður en afferming fer fram, til að sannprófa að úrgangurinn sé í samræmi við upplýsingarnar sem úrgangshafi leggur fram og til að gera eftirlitsaðila kleift að sannreyna eðli úrgangsins sem er meðhöndlaður. Þessi sýni skulu geymd í a.m.k. einn mánuð eftir að brennsla fer fram.

2.7. Meðferð spilliefna

Öll meðferð spilliefna skal vera innandyra og í rými án fráveitu, þar sem þess er kostur. Önnur svæði þar sem unnið er með tæki eða búnað sem inniheldur spilliefni skulu vera með steypu undirlagi, og með fráveitu tengda olúskilju. Ávallt skal leitast við að halda magni spilliefna á athafnasvæði rekstraraðila í lágmarki. Spilliefni sem senda á til förgunar eða endurvinnslu skulu send við fyrsta hentugt tækifæri, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði.

2.8. Sóttmengaður úrgangur

Móttaka á sóttmengaðum úrgangi eða öðrum úrgangi sem krefst sérstakrar meðhöndlunar skal fara þannig fram að hann blandist ekki öðrum úrgangi áður honum er fargað. Förgun slíkra úrgangsefna skal fara fram jafnóðum og þau berast rekstraraðila.

2.9. Olúskilja

Frárennsli sem getur innihaldið olú eða önnur spilliefni skal leitt í olúskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi. Styðjast skal við gildandi staðla um olúskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olúskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé ekki meiri en 15 mg/l. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olúskiljum. Skrá skal sérstaklega í rekstrarhandbók alla

vinnu við olíuskiljur og varnarþrær, þar með talið hvenær er opnað, lokað, hreinsað, smurt og þess háttar.

2.10. Hreinsun á leka

Búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að leka út eða misfarast, skal jafnan vera til reiðu, t.d. ídræg efni (uppburrkunarefni) til hreinsunar á vökvum.

2.11. Kælivatn og regnvatn

Kælivatni og regnvatni úr niðurföllum á lóð, öðrum en tiltekin er í grein nr. 2.9, skal veitt í setþró og/eða viðeigandi síubúnað.

2.12. Skólp

Skólp frá hreinlætisaðstöðu og mótuneyti stöðvarinnar skal leitt sér í frárennsliskerfi sveitarfélagsins eða hreinsa með annars stigs hreinsun.

BRENNSLUSTÖÐ

2.13. Viðhald

Reglulegt viðhald í samræmi við áætlun þar um skal vera á öllum búnaði brennslustöðvarinnar.

2.14. Gangsetning brennsluofns

Við gangsetningu brennslustöðvarinnar skal einungis nota eldsneyti sem samsvarar gasolíu, sbr. reglugerð nr. 784/2001 um fljótandi eldsneyti, fljótandi gas eða gas.

2.15. Úrgangsolía til eldsneytis

Eftirfarandi mörk eru sett á efnainnihald úrgangsolíu sem leyft er að nýta ómeðhandlaða sem eldsneyti í brennslustöðinni:

Efni	Mörk
Kadmíum (Cd)	< 1,0 mg/kg
Kvikasilfur (Hg)	< 0,5 mg/kg
Blý (Pb)	< 50 mg/kg
Króm (Cr)	< 50 mg/kg
Nikkel (Ni)	< 100 mg/kg
Kopar (Cu)	< 100 mg/kg
Vanadium (V)	< 200 mg/kg
Halógen (F, Cl, Br, I)	< 1000 mg/kg
Fjölklórúðbífényl sambönd (PCB)	< 50 mg/kg
Brennisteinn (S)	< 20 g/kg (2%)

2.16. Magn spilliefna

Magn spilliefna skal á hverjum tíma ekki vera hærra en svo að losunarmörk í útblæstri skulu vera virt.

2.17. Lokabrennsla lofttegunda

Loftegundir, sem myndast við vinnsluna, skulu hitaðar eftir síðustu inndælingu brunalofts á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður upp í a.m.k. 850°C í tvær

sekúndur hið minnsta, eins og mælt er nálægt innvegg brunahólfsins eða öðrum dæmigerðum punkti brunahólfsins í samráði við Umhverfisstofnun. Ef brenndur er hættulegur úrgangur sem inniheldur meira en 1% af halógenuðum, lífrænum efnum, gefið upp sem klór, verður að hækka hitann í 1100°C í a.m.k. tvær sekúndur.

2.18. Sjálfvirk stýring brennara

Hver lína brennslustöðvarinnar skal búin a.m.k. einum aukabrennara. Þessi brennari skal ræsast sjálfvirk þegar hiti brennsluofts eftir síðustu inndælingu brunalofts fellur niður fyrir 850°C eða 1100°C eftir því sem við á. Einnig skal nota brennarann við ræsingu eða stöðvun vinnslu í stöðinni til að tryggja að ávallt sé haldið 850°C eða 1100°C hita meðan starfsemi fer fram og meðan óbrenndur úrgangur er í brunahólfinu. Komið skal í veg fyrir að úrgangur fari í brunahólfið ef hitinn er undir ofangreindum mörkum.

2.19. Hreinsun útblásturs

Útblástursloft skal hreinsað með virkum kolum og basískri íblöndun í þurrhreinsibúnaði sem tryggir að styrkur súrra gastegunda, þungmálma og annarra mengunarefna í útblæstri fari ekki yfir losunarmörk.

2.20. Reykháfur

Reykur úr brennslustöðinni skal leiddur út um reykháf sem skal vera minnst 24 m hár yfir gólfi brennslustöðvar. Útblásturshraði í reykháf skal vera meiri en 20 m/s.

2.21. Losunarmörk í útblæstri

Eftirfarandi losunarmörk fyrir mengunarefni í útblæstri eiga við um stöðina. Mörkin eru stöðluð við þessi skilyrði: hiti 273 K, þrýsingur 101,3 kPa, og 11% O₂ sem þurrt gas:

Efni	Dagleg meðalgildi	30 mín meðaltal	Mæling
Ryk	10 mg/m ³	30 mg/m ³	samfelld
Kolmónoxíð (CO)	50 mg/m ³	100 mg/m ³	samfelld
Brennisteinsdíoxíð (SO ₂)	50 mg/m ³	200 mg/m ³	samfelld
Vetnisklóríð (HCl)	10 mg/m ³	60 mg/m ³	samfelld
Vetnisflúoríð (HF)	1 mg/m ³	4 mg/m ³	árleg
Heildarmagn lífræns kolefnis TOC	10 mg/m ³	20 mg/m ³	samfelld
Köfnunarefnisoxíð sem NO ₂	400 mg/m ³		samfelld
Díoxín/furön	0,1 ng/m ³		árleg
Þungmálmar í ryki:	30 mín til 8 h		
Summa: kadmíum (Cd) og þallíum (Tl),	0,05 mg/Nm ³		árleg
Kvikasilfur (Hg)	0,05 mg/ Nm ³		árleg
Summa: blý (Pb), króm (Cr), kopar (Cu), vanadíum (V), nikkell (Ni), Arsen (As), antímon (Sb), kóbolt (Co) og mangan (Mn)	0,5 mg/Nm ³		árleg

2.22. Aðrar mælingar í útblæstri

Auk framangreindra mengunarefna skal mæla eftirfarandi eðlisþætti samfelld: hitastig nálægt innvegg brunahólfs, styrk súrefnis, þrýsting, hita og vatnsgufuinnihald í útblásturslofti. Á fyrsta

starfsári skal greina þungmálma og díoxín/fúrön í útblæstri fjórum sinnum til að sýna fram á að styrkur þeirra sé undir 50% af losunarmörkum. Sé styrkur þeirra á milli 50 – 100% af losunarmörkum skal greina þessi efni minnst tvisvar á ári í stað árlega.

2.23. Sjálfvirk stöðvun brennslu

Stöðva skal brennslu úrgangs sjálfvirk ef farið er yfir þau mörk sem tilgreind eru í útblæstri og mæld eru sjálfvirk.

2.24. Meðhöndlun úrgangs frá stöðinni

Aska, gjall og leðja frá brennslustöðinni skulu endurnýtt, eftir því sem unnt er, eða urðuð á stað sem til þess hefur starfsleyfi. Lífrænt efni skal vera undir 3% og glæðitap minna en 5%. Nota skal viðeigandi aðferðir til formeðhöndlunar úrgangs ef nauðsynleg krefur. Ónýtir síupokar úr hreinsivirki skulu brenndir í stöðinni.

2.25. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá verksmiðjunni og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 933/1999, um hávaða.

2.26. Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. 3. kafla.

3. INNRA EFTIRLIT

3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa daglegt eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- tæmingu olúgildru og setþróa ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim
- niðurstöður mengunarmælinga sem krafist er í 2. kafla
- mælingar á efnainnihaldi úrgangsolíu til brennslu sem eldsneytis
- mælingar á efnainnihaldi og eiginleikum spilliefna og annars úrgangs sem framkvæmdar eru til að lýsa eiginleikum úrgangsins og til að sannreyna innsend gögn
- magn og gerð spilliefna sem tekið hefur verið á móti til förgunar eða skilað hefur verið til annarra móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- magn og tegundir annars úrgangs sem berst Sorpeyðingarstöð Suðurnesja
- mælingar á útskolunareiginleikum ösku frá brennslustöðinni
- magn ösku, gjalls og leirs sem fargað er á urðunarstað
- magn og tegund úrgangs sem fer til endurnotkunar/endurvinnslu eða förgunar annars staðar,
- magn og tegund úrgangsefna sem fargað er á öðrum athafnasvæðum rekstraraðila en brennslustöðinni.

3.2. Gæði mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinganna. Beita skal viðurkenndum vísindalegum aðferðum. Efnagreiningar skulu framkvæmdar af viðurkenndum aðila.

3.3. Prófun og kvörðun vöktunarbúnaðar

Sjálfvirkur vöktunarbúnaður fyrir losun í andrúmsloft skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir. Kvörðun skal fara fram samhliða mælingum samkvæmt tilvísunaraðferðum á a.m.k. þriggja ára fresti.

3.4. Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald. Skila skal árlega niðurstöðum þess til Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Jafnframt skal útbúa útstremisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 322/2002, um útstremisbókhald.

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi stöðvarinnar veldur, þ.m.t. starfshættir, öll meðferð úrgangs og förgun. Staðlað skal að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá stöðinni verði eins lítil og kostur er.

4.2. Verkstjórn

Á hverri vinnuvakt á athafnasvæðum Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum stöðvarinnar. Vaktstjóri skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi svo og lögum og reglugerðum um hollustuhætti, heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan afgreiðslutíma ef þörf krefur.

4.3. Markmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.4. Umhverfi

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og skal starfrækja stöðina þannig að hún valdi ekki ónæði eða óþrifnaði.

4.5. Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.6. Neyðaráætlun

Útbúa skal neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði urðunarstaðarins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri staðarins. Neyðaráætlunin skal innihald tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem urðunarstaðurinn er ekki í notkun.

4.7. Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem nemur allt að 1 milljón SDR, vegna bráðamengunartjóns sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

4.8. Eftirlit

Umhverfisstofnun annast eftirlit með ákvæðum starfsleyfis þess. Eftirlitið felur í sér reglubundnar skoðanir árlega þar sem einkum eru skoðuð þau atriði starfseminnar sem valdið geta mengun efna í vatn, loft eða jarðveg ásamt frágangi ytra umhverfis og meðferð úrgangs.

Viðbótareftirlit felst m.a. í:

- Skoðun nýs búnaðar sem tekinn hefur verið í notkun eða vegna kvartana,
- Sérstakra úttekta í samræmi við áætlun um úrbætur sem rekstraraðili gerir.

4.9. Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur telji hann ástæðu til krafist eða heimilað mengunarmælingar eða efnagreiningar með lengra eða styttra millibili, eftir því sem við á.

4.10. Samráðsfundur

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. boðar árlega fulltrúa Umhverfisstofnunar og fulltrúa Heilbrigðisnefndar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja á samráðsfund. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit eða ársskýrslu um þau atriði sem fjallað er um í grein 3.1. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, endurskoðun á viðauka, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar sem umhverfisráðherra setur. Gjald vegna viðbótareftirlits greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi þegar útgáfa og gildistaka þess hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Starfsleyfið gildir til **1. febrúar 2016** og skal að jafnaði endurskoðað á fjögurra ára fresti.

Reykjavík 12. júlí 2006

Umhverfisstofnun